

Alþingi
Erindi nr. P 132/1289
komudagur 13.3.2006

Reykjavík 3. mars 2006.

Umsögn um

Frumvarp til laga um Heyrnar-, tal- og sjónstöð

Stjórn Landssamband eldri borgara hefur fjallað um ofangreint frumvarp á fundi sínum 2. mars 2006.


Stjórn Landssambandsins lýsir sig andvíggt ofangreindu frumvarpi og tekur undir þær athugasemdir sem komið hafa fram í ályktun Blindrafélagsins og samtökum norræna blindrafélaga NSK (Nordiska samarbets kommittén).

Í ályktun Blindrafélagsins er bent á að engar nýungar í þjónustu er að finna í frumvarpi ráðuneytisins. Frumvarpið ber með sér þá ætlan stjórnvalda hefja gjaldtöku af blindum og sjónskertum, eins og skýrt er kveðið á um í 5. gr. frumvarpsins. Bent er á að blindir og sjónskertir búi við allt aðra tegund fötlunar en heyrnaskertir og heyrnarlausir, sem kalli á gerólíka þjónustu.


Það sem fram kemur í 5. gr. frumvarpsins varðandi 2. gr. þess hlýtur að valda blindum, sjónskertum, heyrnarskertum og heyrnarlausum verulegum áhyggjum, þar sem útvegum, kennsla, viðhald, uppsetning, mælingar, sjóngreining, meðferð, hæfing og endurhæfing sem og forvarnir og fræðsla skuli verða gjaldskyld. Í ljósi umræðu LEB við fulltrúa stjórnvalda undanfarna mánuði, þar sem bláköldum staðreyndum og útreikningum virtra fræðimanna er viðstöðulaust hafnað og tilbúin dæmi og óraunveruleikatengdar fullyrðingar á borð bornar fyrir almenning.

Það hlýtur að vera öllum, bæði öldruðum, og þeim sem búa við margvíslega fötlun að auki, verulegt áhyggjuefni að flestar svokallaðar “umbótatillögur” og aðgerðir stjórnvalda skuli sífellt miðast að hafa sem mestar tekjur af opinberri þjónustu, á sama tíma og skerðingar TR og skattheimta ríkisvaldsins af þeim sem við lægstu kjör búa skuli aldrei hafa verið meiri síðast liðin 100 ár. Það er sorglegt að horfa upp á að allar svokallaðar umbætur skuli miðast við afturhvarf til fortíðar og aðstæðna sem giltu í landinu langt fyrir lýðveldisstofnun.

Virðingarfyllst



Ólafur Ólafsson, form. LEB



Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB